

Stjórnartíðindi

2003 - B-deild - B103-107

Útgáfa 1.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfunduð skjalsins prentteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 103-107

Nr. 664-691

2003

Efnisyfirlit B 103–107 2003

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
664	4. sept.	Reglugerð um breyting á reglugerð um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn nr. 706/1998	2093-2094
665	11. sept.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi á Akranesi	2095
666	12. sept.	Reglur um gæðæftirlit með háskólakennslu	2096-2097
667	3. sept.	Samþykkt um fráveitu Akraneskaupstaðar	2098-2101
668	9. sept.	Gjaldskrá um greiðslur fyrir aukaverk presta þjóðkirkjunnar	2101-2102
669	3. sept.	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Umferðarstofu, nr. 681 26. september 2002	2102
670	1. sept.	Auglýsing um nýtt og breytt deiliskipulag í Hveragerði	2103
671	1. sept.	Samþykkt um hreinsun og losun rotþróa á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra, að undanteknum Húsa-víkurbæ	2103-2104
672	1. sept.	Samþykkt um hundahald í Bláskógabyggð	2104-2105
673	2. sept.	Auglýsing um deiliskipulag í Bjarkalundi, A-Barðastrandar-sýslu	2106
674	4. sept.	Reglur um breytingu á reglum nr. 322/2003, um takmörkun á fjölda nemenda í tilteknum námsgreinum við Háskóla Íslands háskólaárið 2003-2004	2106
675	3. sept.	Auglýsing um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun	2107
676	2. sept.	Skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Jóhönnu Erasmusdóttur og Svanhvítar Erasmusdóttur	2107-2108
677	4. sept.	Auglýsing um deiliskipulag Skálmholtstúns í Villingaholts-hreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi	2109
678	8. sept.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993 – 2013, Dynskógar og land Hraunbæjar	2109
679	8. sept.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995 - 2015, bílastæði vð Flugvallarveg	2110
680	3. sept.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998 – 2018, lóð nr. 1 við Móasíðu	2110
681	3. sept.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998 – 2018, landfylling við Glerárós	2110-2111
682	3. sept.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998 – 2018, Krossaneshagi, B-áfangi iðnaðarsvæðis, Akureyri ..	2111
683	3. sept.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Grundarfjarðar 1984 – 2004, Ölkeldudalur	2111-2112
684	3. sept.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992 – 2012, Hörðuvellir	2112
685	2. sept.	Auglýsing um deiliskipulag í Bláskógabyggð	2113
686	8. sept.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Patreksfjarðar 1980 – 2000, lóð íþróttahúss, Vesturbýggð	2113
687	11. sept.	Auglýsing um deiliskipulag á Akureyri	2113-2114

STJÓRNARTÍÐINDI B 103 – 2003

4. september 2003

2093

Nr. 664

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn
nr. 706/1998.

1. gr.

2. málslíður 1. mgr. 2. gr. orðist svo:

Hann skipar því fimm manna stjórn, til fjögurra ára í senn, svo sem hér segir: Tvo að tilnefningu háskólaráðs Háskóla Íslands, einn að tilnefningu vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs, einn að tilnefningu Upplýsingar, félags bókasafns- og upplýsingafræða og einn án tilnefningar.

2. gr.

9. gr. verði svohljóðandi:

Í bókasafninu eru þrjú megin svið: þjónustusvið, varðveislusvið og rekstrarsvið sem hafa hvert sinn sviðstjóra. Starfseiningar eru að öðru leyti skilgreindar af landsbókaverði að fengnu samþykki stjórnar safnsins.

3. gr.

10. gr. verði svohljóðandi:

Safnráð er samráðsvettvangur yfirmanna bókasafnsins. Í safnráði eiga sæti landsbókavörður, sem er formaður ráðsins, aðstoðarlandsbókavörður, sviðstjórar, starfsmannastjóri og forstöðumenn deilda.

4. gr.

2. mgr. 18. gr. falli niður.

5. gr.

19. gr. falli niður.

6. gr.

20. og 21. gr. verði 19. og 20. gr.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. og 12. gr. laga um Landbókasafn Íslands – Háskólabókasafn nr. 71/1994 og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 4. september 2003.

Tómas Ingi Olrich.

Guðmundur Arnason.

STJÓRNARTÍÐINDI B 104 – 2003

11. september 2003

2095

Nr. 665

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi á Akranesi.

Á fundi bæjarráðs Akraness, í umboði bæjarstjórnar Akraness, sem haldinn var þann 14. ágúst 2003, var samþykkt tillaga að breytingu á deiliskipulagi á stofnanareit, lóð Fjölbrautaskóla Vesturlands, Vogabraut 5, Akranesi.

Breytingin varðar byggingarreit A á gildandi deiliskipulagi og felst í að 2ja hæða kennsluhúsnæði með kjallara verður áfast eldra húsi en ekki sjálfstæð bygging eins og eldra skipulag gerir ráð fyrir. Bílastæðum fjölgar um 30 og verða alls 50.

Deiliskipulagsbreytingin var afgreidd skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 11. september 2003.

Ólöf Guðný Valdimarsdóttir skipulagsfulltrúi.

STJÓRNARTÍÐINDI B105 – 2003

Nr. 666

2096

12. september 2003

REGLUR

um gæðaeftirlit með háskólakennslu.

I. Markmið.

1. gr.

Markmið gæðaeftirlits með kennslu á háskólastigi er að viðhalda og auka gæði kennslu í háskólum, bæta skipulag í starfsemi háskóla, stuðla að aukinni ábyrgð háskólastofnana á eigin starfsemi og tryggja samkeppnishæfni þeirra á alþjóðavettvangi.

II. Gæðakerfi háskóla.

2. gr.

Háskóli skal uppfylla skyldur sínar um eftirlit með gæðum kennslunnar með því að hafa formlegt gæðakerfi. Þáttur í því er kerfisbundið sjálfsmat háskóla eða eininga innan hans og formleg umfjöllun viðkomandi háskóla um matið í þeim tilgangi að bæta kennsluna. Einnig skal fara fram kerfisbundið mat á störfum kennara. Háskóli skal birta opinberlega lýsingu á gæðakerfi sínu. Menntamálaráðuneytið getur á hverjum tíma kallað eftir upplýsingum er varða gæðakerfið.

III. Ytra gæðaeftirlit.

3. gr.

Ytra gæðaeftirlit með háskólakennslu getur náð til háskólastofnunar í heild, einstakra greina, skora, námsbrauta, deilda eða annarra skilgreindra eininga innan háskóla. Jafnframt getur ytra gæðaeftirlit náð til nokkurra háskóla og eininga í senn. Ytra gæðaeftirlit nær til allra þeirra þátta sem snerta kennslu, þ.m.t. stjórnunar, starfsmannamála, námsmats, málefna nemenda og aðbúnaðar.

Háskóli greiðir kostnað vegna sjálfsmats af fjárveitingum sínum. Menntamálaráðuneyti greiðir kostnað vegna ytra mats.

4. gr.

Menntamálaráðherra ákveður hvenær ytra mat fer fram samkvæmt reglum þessum og að hverju það beinist. Ráðherra skipar í því skyni ytri matshóp sem ber ábyrgð á framkvæmd matsins. Við val á ytri matshópi skal taka mið af eftirfarandi:

- a. Í ytri matshópi skulu sitja 3-6 einstaklingar. Innan hópsins skulu vera einstaklingar sem uppfylla eitthvað af eftirfarandi: Hafa menntun á viðkomandi fræðasviði, víðtæka reynslu af háskólastarfi, gæðastarfi og af því að ráða brautskráða nemendur til starfa.

- b. Enginn í ytri matshópi má hafa bein tengsl við þá stofnun sem metin verður.
- c. Að minnsta kosti einn í hópnum skal vera starfandi erlendis.

Ytri matshópur starfar samkvæmt leiðbeiningum og erindisbréfi sem menntamálaráðuneyti setur og hefur ritara sem skipuleggur störf hans og ritar skýrslu.

Menntamálaráðuneytið gerir verk-, tíma- og kostnaðaráætlun fyrir matið og leiðbeiningar fyrir sjálfsmat og fylgist með framkvæmd þess.

5. gr.

Rektor skipar sjálfsmatshóp og formann hans. Formaður skipuleggur og ber ábyrgð á sjálfsmatinu og ritun sjálfsmatsskýrslu. Hann er einnig tengiliður við aðila utan og innan viðkomandi háskóla og skipuleggur vettvangsheimsókn ytri matshóps.

Í sjálfsmatshóp skal skipa minnst fjóra og mest sex fulltrúa og skulu þeir gefa rétta mynd af innra skipulagi einingarinnar sem matið nær til. Þeir skulu allir starfa innan viðkomandi einingar og í hópnum skulu vera fulltrúar kennara, nemenda og stjórnenda.

6. gr.

Að loknu sjálfsmati fer ytri matshópur á vettvang, sannreynir sjálfsmatsskýrslu, kannar önnur þau atriði sem hann telur nauðsynleg og ritar skýrslu um niðurstöður sínar.

Ytri matshópur skal ljúka skýrslu sinni innan tveggja mánaða eftir að vettvangsheimsókn í háskóla lýkur. Áður en ytri matshópur gengur endanlega frá skýrslu sinni skal hann gefa fulltrúum viðkomandi háskóla kost á að gera athugasemdir við staðreyndir skýrslunnar. Ytri matshópur skal taka afstöðu til athugasemda háskóla og ganga síðan frá lokaskýrslu um matið til ráðuneytisins.

7. gr.

Skýrsla ytri matshóps skal kynnt opinberlega í heild sinni. Innan þriggja mánaða frá birtingu lokaskýrslu um matið skal viðkomandi háskóli birta opinberlega greinargerð um hvernig bregðast skuli við niðurstöðum þess. Innan tveggja ára þaðan í frá skal menntamálaráðuneytið ganga úr skugga um hvort og hvernig brugðist hefur verið við niðurstöðum ytra matsins.

8. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 1. mgr. 5. gr. laga um háskóla nr. 136/1997 og taka þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi reglur nr. 331/1999 um gæðaeftirlit með háskólakennslu.

Menntamálaráðuneytinu, 12. september 2003.

Davíð Oddsson.

Guðmundur Árnason.

SAMÞYKKT um fráveitu Akraneskaupstaðar.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir um fráveitu í Akraneskaupstað.

2. gr.

Akraneskaupstaður starfrækir fráveitu, kostar rekstur hennar og framkvæmdir. Bæjarstjórn ákveður framkvæmdir við fráveitu og veitir árlega fé á fjárhagsáætlun til reksturs og framkvæmda við hana.

Tækni- og umhverfisvið fer með umsjón, hönnun, framkvæmdir og rekstur fráveitu bæjarins í umboði bæjarstjórnar.

3. gr.

Skilgreiningar:

Fráveita: Leiðslukerfi og búnaður til meðhöndlunar skólps.

Fráveituvatn: Vatn (skólp, ofanvatn, vatn frá upphitunarkerfum húsa o.fl.) sem veitt er í fráveitur.

Skólp: Húsaskólp og iðnaðarskólp eða blanda húsaskólps eða iðnaðarskólps og/eða ofanvatns.

Fráveitan veitir fráveituvatni, sem getur verið húsaskólp, iðnaðarskólp, ofanvatn, kæli- vatn og ræsisvatn, um fráveitulagnir frá byggð til viðtakanda.

Einföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni saman í einni fráveitulögn, en tvöföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni í tveimur aðskildum samliggjandi fráveitulögnum.

Akraneskaupstaður á allar holræsalagnir fráveitu, útrásir, stofnræsi, götuholræsi, ofanvatnsræsi í götum og opnum svæðum og götufráræsi að fráræsum húseigna. Ennfremur allan fráveitubúnað, brunna, niðurföll, dælustöðvar og hreinsistöðvar.

4. gr.

Þar sem fráveita bæjarins nær til, skal húseigendum séð fyrir götufráræsi frá götuholræsi að lóðamörkum húseigna. Þar sem fráveitan liggur um lóðir, skal séð fyrir tengirein á holræsalögn. Tækni- og umhverfisvið Akraneskaupstaðar ákveður legu götuholræsa og tengireina.

5. gr.

Húseigendum sem eiga húseignir við vegi eða opin svæði, þar sem fráveita bæjarins liggur, er skylt að leggja á sinn kostnað fráræsi frá húseignum sínum og tengja þau við fráveituna. Þegar lögð er tvöföld fráveita, skulu húseigendur halda skólpi og ofanvatni aðskildu í tvöfaldri fráveitulögn og tengja hana tvöfaldri fráveitu bæjarins. Að öðru leyti gilda ákvæði reglugerðar um fráveitur og skólp.

6. gr.

Pegar ekki er unnt að ná nægilegum halla á fráræsi húseignar að fráveitu bæjarins, skal húseigandi leiða fráveituvatni að brunni, þannig staðsettum, að hægt sé að veita fráveituvatn frá honum í fráveitu bæjarins.

7. gr.

Þar sem fráveita bæjarins nær ekki til, skulu húseigendur leiða fráveituvatn frá fráræsum húseigna um rotþrær og siturleiðslur, sbr. reglur sem um það gilda á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Akraneskaupstaður kostar niðursetningu og annan frágang rotþróa og lagna, en húseigandi leggur til rotþró sem samþykkt er af byggingarfulltrúa. Gerð og hönnunarforsendur rotþróar er háð samþykki heilbrigðisnefndar og skal vera í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar. Húseigandi annast allt viðhald.

Hverja rotþró skal hreinsa og tæma eftir þörfum. Hreinsun fer fram á vegum bæjarins og skal heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með framkvæmd hennar. Heilbrigðisnefnd ákveður verktilhögun og annað sem skiptir máli til að tryggja að góður árangur náist.

Pegar fráveita bæjarins hefur verið lögð, skulu húseigendur kosta og tengja fráræsi húseigna við hana.

8. gr.

Pegar tengja skal fráræsi húseigna við fráveitu bæjarins eða veita fráveituvatni frá þeim um rotþró, sé þess ekki kostur að tengja fráræsislagn frá húseign við fráveitu, skal sækja um það til tækni- og umhverfissviðs Akraneskaupstaðar á þar til gerðum eyðublöðum, sem þar eru látin í té. Umsóknir skulu undirritaðar af húseigendum eða fullgildum umboðsmönnum þeirra, ásamt pípulagningarmeistara þeim, sem verkið á að vinna.

Umsóknum skulu fylgja teikningar af fráveitulögnum húsa og lóða og fráræsum frá húseignum sem tengjast fráveitu bæjarins.

Umsóknum um rotþrær skulu fylgja teikningar, er sýni gerð þeirra og staðsetningu og siturleiðslur að viðtaka, auk teikninga af fráveitulögnum húsa og lóða.

9. gr.

Áður en húseign er tengd fráveitu bæjarins skal húseigandi greiða stofngjald til Akraneskaupstaðar vegna tengingar og lagningar frárennislagna frá lóðamörkum húseigenda við holræsakerfi sveitarfélagsins. Gjaldið skal ákveðið í gjaldskrá sem sveitarstjórn setur og birtir í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

10. gr.

Teikningar skulu fylgja almennum reglum um hönnun fráveitulagna í húsum, sbr. byggingareglugerð og byggingarskilmála. Allt efni skal standast kröfur um efni og vinnu sem gerðar eru á hverjum tíma.

11. gr.

Byggingareftirlit bæjarins skal hafa eftirlit með því að fráveitulagnir frá húseignum séu lagðar samkvæmt samþykktum teikningum. Áður en lagnir eru huldar, skal það einnig taka út og viðurkenna fráræsi frá húseignum og tengingar þeirra við fráveitu bæjarins eða rotþrær.

12. gr.

Eigendum fasteigna er skylt að hlíta því, að lagnir fráveitu bæjarins séu lagðar um lóðir þeirra og lönd og fari fram á þeim nauðsynlegt viðhald. Akraneskaupstað er skylt að halda raski í lágmarki og ganga snýrtilega um og færa allt til fyrra horfs eins og við verður komið.

13. gr.

Húseigendum er skylt að halda vel við fráveitulögnum húseigna sinna og gæta þess að þær stíflist ekki.

Óheimilt er að láta í fráveitu sveitarfélagsins hvers kyns spilliefni, olíur, bensín, lífræn leysiefni eða annað það sem skemmt getur eða truflað rekstur fráveitukerfisins. Um mengunarvarnir fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og reglugerða settum samkvæmt þeim.

14. gr.

Af öllum fasteignum í Akraneskaupstað, sem liggja við vegi, götur eða opin svæði, þar sem holræsalagnir fráveitu bæjarins liggja, skal greiða árlega fráveitugjald og skal því varið til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu bæjarins.

15. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa. Bæjarstjórn Akraness ákveður árlega álagningarprösentu fráveitugjaldsins sem nemur álagningarhlutfalli af fasteignamati skv. lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1975 í tengslum við ákvörðun um álagningu fasteignagjalda. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald.

16. gr.

Gjald dagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og bæjarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu fráveitugjalds.

17. gr.

Fráveitugjald skal ákveðið með sérstakri gjaldskrá sem sveitarstjórn setur og birtir í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Fráveitugjald má innheimta með lögtaki og er það tryggt með lögveðsrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

18. gr.

Fyrir hreinsun og tæmingu á rotþró skal húseigandi greiða árlegt rotþróargjald sem standa skal undir kostnaði við verkið. Gjald þetta skal ákveðið með sérstakri gjaldskrá í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sem sveitarstjórn setur og lætur birta í B-deild Stjórnartíðinda.

Rotþróargjald hvers árs skal innheimt á sama hátt og fasteignagjöld til bæjarsjóðs Akranessbæjar.

Heimilt er að innheimta aukagjald af þeim húseignum þar sem um óvenjumikinn kostnað er að ræða við hreinsun og tæmingu eða þegar um sérstaka rotþró við útihús er að ræða. Gjald þetta má þó aldrei vera herra en svo að nemi sannanlegum kostnaði við verkið.

19. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að nýta sér heimild í 2. mgr. 87. gr. vatnalaga nr. 15/1923 um sérstaka ívilnun gjaldanna og sérstakt aukagjald þar sem þannig háttar til. Aukagjald þetta má þó aldrei vera herra en svo að nemi sannanlegum kostnaði við verkið.

Einnig er bæjarstjórn heimilt að nýta sér heimild sbr. lög nr. 137/1995 um niðurfellingu eða lækun til tekjulítilla elli- og örorkulífeyrisþega.

20. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Mál varðandi brot á reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

21. gr.

Samþykkt þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Akranesbæjar, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, og staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustu- hætti- og mengunarvarnir, með síðari breytingum og samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923, til þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð um holræsi á Akranesi nr. 503/2000.

Umhverfissráðuneytinu, 3. september 2003.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

um greiðslur fyrir aukaverk presta þjóðkirkjunnar.

1. gr.

Prestum ber greiðsla fyrir aukaverk frá þeim sem verk er unnið fyrir samkvæmt gjaldskrá þessari.

Greiðslur fyrir aukaverk skal miða við ákveðinn fjölda eininga. Hver eining jafngildir 1/10 hluta gjalds fyrir borgaralega hjónavígslu á hverjum tíma, samkvæmt gildandi lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Þó er dóms- og kirkjumálaráðherra heimilt að ákveða aðrar fjárhæðir á grundvelli endurskoðunar, sem og ef forsendur breytast verulega af einhverjum ástæðum á gildistímanum eða ef einhver aukaverk verða felld út úr gjaldskránni.

2. gr.

Greiðslur fyrir eftirtalin aukaverk eru sem hér segir:

1. Skírn	3.500 kr.
Ef skírt er við guðsþjónustu er skírnin ókeypis.	
2. Ferming	9.300 kr.
3. Hjónavígsla	6.500 kr.
4. Greftrun með ræðu	13.900 kr.
5. Kistulagning	4.000 kr.
6. Greftrun án ræðu	5.000 kr.
7. Fyrir embættisvottorð	650 kr.

3. gr.

Ef prestur er sérstaklega kvaddur til að vinna aukaverk, greiðir sá ferðakostnað prestsins er beiðist verksins, samkvæmt reglum um greiðslu ferðakostnaðar ríkisstarfsmanna, þó eigi fyrir lengri vegalengd en 10 km. Við kistulagningu og greftrun reiknist þessi vegalengd tvöföld.

4. gr.

Prestur lætur ókeypis í té vottorð vegna meðlagsgreiðslna barna og vottorð gefin samkvæmt beiðni sveitarstjórna, opinberra stofnana og annarra stjórnvalda.

Presti er enn fremur skylt að gefa hlutaðeigandi ókeypis vottorð um skírn og hjónavígslu, enda sé þeirra vitjað eigi síðar en viku eftir að athöfn fór fram.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 36/1931 um embættiskostnað og aukaverk presta. Gildir hún frá 1. október 2003 til og með 30. september 2013. Við gildistöku gjaldskrárinnar falla úr gildi gjaldskrá nr. 80 frá 24. febrúar 1993 og auglýsing nr. 136 frá 27. febrúar 2003 um breytingu á gjaldskrá fyrir aukaverk presta.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 9. september 2003.

Björn Bjarnason.

Hjalti Zóphóníasson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Umferðarstofu, nr. 681 26. september 2002.

1. gr.

Á eftir 7. gr. kemur ný grein, er verður 8. gr., er orðast svo:

Upplýsingar úr slysaskrá.

Gjald fyrir útskrift úr slysaskrá er eftirfarandi:

Útskrift einstakra skráninga

Kr.
700

2. gr.

8. gr. verður 9. gr.

3. gr.

Auglýsing þessi, sem er sett með heimild í 114. gr. umferðarlaga nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 83 10. maí 2002, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 3. september 2003.

Björn Bjarnason.

Björn Friðfinnsson.

AUGLÝSING

um nýtt og breytt deiliskipulag í Hveragerði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkt:

Nýtt deiliskipulag við Fljótsmörk og Þórsmörk, Hveragerði, samþykkt í bæjarstjórn Hveragerðis þann 12. september 2002.

Nýtt deiliskipulag við Dynskóga, Hveragerði, samþykkt í bæjarstjórn Hveragerðis þann 7. ágúst 2003.

Nýtt deiliskipulag Hraunbæjarlands, Hveragerði samþykkt í bæjarstjórn Hveragerðis þann 7. ágúst 2003.

Tilheyrandi greinargerðir og uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulögin öðlast þegar gildi.

Hveragerði, 1. september 2003.

Skipulagsfulltrúi Hveragerðisbæjar,

Guðmundur F. Baldursson.

SAMÞYKKT

um hreinsun og losun rotþróa á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra, að undanteknum Húsavíkurbæ.

1. gr.

Þar sem fráveita sveitarfélaga nær ekki til skulu húseigendur leiða húsaskólp um rotþró og siturlögn. Ef landfræðilegar eða rekstrarlegar aðstæður valda því að rotþró og siturlögn eru ekki álitlegur kostur má uppfylla skilyrði um skólphreinsun með öðrum aðferðum, s.s. þurrsalernum, safntönkum eða öðrum lausnum sem Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra samþykkir.

2. gr.

Staðsetningu rotþróa og siturlagna (og annarra sambærilegra mannvirkja) skal sýna á teikningu sem er samþykkt af viðkomandi byggingar- og skipulagsnefnd. Stærð, staðsetning og frágangur rotþróa og siturlagna, þ.m.t. endurbætur á eldri mannvirkjum, eru háð samþykki og úttekt Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra. Heimilt er að fela byggingafulltrúa úttekt á rotþróum og siturlögnum. Fara skal eftir leiðbeining Umhverfisstofnunar um rotþrær og siturlagnir (meðferð skólps utan þéttbýlis).

3. gr.

Sveitarstjórnir skipuleggja reglubundna hreinsun og tæmingu rotþróa og meðhöndlun seyru í samræmi við reglugerð um meðhöndlun á seyru nr. 799/1999. Óheimilt er að losa seyru úr rotþróum nema á samþykktum móttökustöðum og er tæming þróa og meðhöndlun seyru einungis heimil þeim sem hafa tilskilin leyfi, sbr. reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

4. gr.

Að jafnaði skal tæma rotþrær annað til þriðja hvert ár. Húseigendum er skylt að tryggja greiða aðkomu að þró til tæmingar. Til að standa undir kostnaði við verkið skal eigandi greiða árlegt rotþróargjald. Gjaldið skal ákveðið með sérstakri gjaldskrá sem sveitarstjórn setur í samræmi við ákvæði í 5. mgr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

5. gr.

Árlegt rotþróargjald skal álagt og innheimt með fasteignaskatti og öðrum fasteignagjöldum og nýtur gjaldið lögveðs í fasteign þeirri sem það er lagt á, sbr. lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, með síðari breytingum.

6. gr.

Um brot gegn samþykkt þessari og um valdsvið, þvingunarúrræði, málsmeðferð, úrskurði og viðurlög fer skv. VI. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Heilbrigðisnefnd getur m.a. beitt húseiganda dagsektum ef hann sinnir ekki fyrimælum um úrbætur varðandi fráveitur, skólp og meðferð seyru.

7. gr.

Samþykkt þessi, sem er unnin af heilbrigðisnefnd Norðurlandssvæðis eystra og samþykkt af sveitarstjórnnum á svæðinu, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með áorðnum breytingum og öðlast gildi þegar við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 1. september 2003.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

SAMÞYKKT

um hundahald í Bláskógabyggð.

1. gr.

Hundahald í Bláskógabyggð sætir þeim takmörkunum sem fram koma í samþykkt þessari.

2. gr.

Hundahald í Bláskógabyggð er háð eftirfarandi skilyrðum:

- a. Eigandi hunds skal skrá hann á skrifstofu sveitarfélagsins og fá þar afhenta plötu sem alltaf skal vera um háls hundsins. Fyrir þetta skal hann greiða leyfisgjald samkvæmt gjaldskrá sem sveitarstjórn setur í samræmi við 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
- b. Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðatryggðan hjá viðurkenndu tryggingafélagi. Fyrir 1. maí ár hvert skal leggja fram staðfestingu þess að tryggingin sé í fullu gildi.

- c. Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í fylgd með einhverjum sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hund inn í skólahús, opinberar byggingar, matvöruverslanir eða aðra staði þar sem matvæli eru höfð um hönd. Á almannafæri (skipulagt þéttbýli) er leyfishafa skylt að fjarlægja saur eftir hund/a sína á tryggilegan hátt.
- d. Hundeiganda ber að öðru leyti að fara að lögum og reglum er hundahald varðar s.s. reglur um árlega hreinsun hunda. Fyrir 1. maí ár hvert skal leggja fram staðfestingu á því að hundur hafi verið hreinsaður en ef það bregst getur sveitarstjórn látið hreinsa hundinn á kostnað eigandans.
- e. Hundeigandi ber ábyrgð á því að hundur hans raski ekki ró íbúa hreppsins og sé hvorki þeim né þeim sem um sveitarfélagið fara til óþæginda, með tilliti til hávaða, óþrifnaðar, eyðileggingar verðmæta eða slysa hættu.
- f. Ef að halda á hund í sambýlishúsi þá þarf skriflegt samþykki allra eigenda/íbúa hússins að fylgja með þegar að hundurinn er skráður. Raðhús telst ekki sambýlishús nema um sameiginlega lóð sé að ræða.

3. gr.

Við brot á skilyrðum skv. 2. gr. skal fjarlægja viðkomandi hund. Eigandi hundsins fær þá, ef um minniháttar brot er að ræða, tækifæri til að leysa út hundinn gegn greiðslu þess kostnaðar sem á hann er fallinn. Sé um að ræða alvarleg eða ítrekuð brot er viðkomandi hundur tekin út af skrá og er þá ekki lengur heimild fyrir því að halda þann hund í sveitarfélaginu. Sé hunds ekki vitjað innan sjö daga frá því að eiganda var tilkynnt um handsömun hans má aflífa hundinn, enda sé eiganda gert ljóst hvað vanræksla á að vitja um hundinn getur haft í för með sér. Yfirvöldum sveitarfélagsins er aldrei skylt að geyma skráðan hund lengur en tíu daga frá handsömun og er heimilt að láta aflífa hundinn að þeim tíma liðnum. Allur kostnaður við hundinn greiðist af eiganda.

Hættulega og óleyfilega hunda og þá hunda sem ganga lausir á almannafæri skal handsama og færa í geymslu. Heimilt er að láta lóga hættulegum hundum þegar í stað.

Handsömun á óskráðum hundi skal auglýst. Sé hunds ekki vitjað innan 10 daga má láta aflífa hann. Komi síðar í ljós hver átti hundinn þá má krefja hann um greiðslu kostnaðar. Sveitarstjórn er hvenær sem er heimilt að afturkalla skráningu á einstökum hundum eða öllum hundum telji hún þess þörf.

4. gr.

Brot gegn samþykkt þessari eða reglum settum samkvæmt henni varða sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum. Mál út af brotum á samþykkt þessari skal fara að hætti opinberra mála og í samræmi við VI. og VII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

5. gr.

Framangreind samþykkt sveitarstjórnar Bláskógabyggðar staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 1. september 2003.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bjarkalundi, A-Barðastrandarsýslu.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Reykhólahrepps þann 12. júní 2003 samþykkt deiliskipulag í Bjarkalundi í Reykhólahreppi.

Deiliskipulagssvæðið nær yfir 58,88 ha og varðar hótél Bjarkalund, sem fyrirhugað er að stækka, 9 frístundalóðir, 3 smáhýsi og tjaldsvæði. Innan svæðisins er einnig land sem liggur að Berufjarðarvatni sem áætlað er að verði síðar skipulagt sem golfvöllur.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Búðardal, 2. september 2003.

Byggingar- og skipulagsfulltrúi Austur-Barðastrandarsýslu,

Bogi Kristinsson.

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 322/2003, um takmörkun á fjölda nemenda í tilteknum námsgreinum við Háskóla Íslands háskólaárið 2003-2004.

1. gr.

Í stað tölunnar „48“ í 1. mgr. 1. gr. reglnanna, sem varðar fjöldatakmörkun í læknisfræði, kemur: 50.

Þriðja málsgrein 1. gr. reglnanna breytist og verður svohljóðandi:

Um val nemenda til náms við læknadeild fer eftir reglum nr. 885/2001, um inntöku nýnema í læknisfræðiskor og sjúkraþjálfunarskor í læknadeild Háskóla Íslands, ásamt síðari breytingum sbr. reglur nr. 134/2002 og 503/2002. Læknadeild er þó heimilt að víkja frá lágmarkseinkunninni 5,0 við inntöku nemenda í sjúkraþjálfunarskor sem og að ráðstafa allt að fjórum námssætum til viðbótar þeim 20 sem kveðið er á um 2. mgr. hér að framan, þannig að heildarfjöldi nemenda á 1. námsári verði allt að 24.

2. gr.

Reglur þessar sem háskólaráð hefur sett með vísan til niðurstöðu áfrýjunarnefndar í kærumálum háskólanema frá 29. júlí 2003 og að fenginni tillögu læknadeildar sbr. heimild í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 4. september 2003.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur
sem getur haft í för með sér mengun.

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir álver *Norðuráls ehf.*, Grundartanga, kt. 570297-2609. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. júní 2020.

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir álver *Alcoa-Reyðarál ehf.*, Reyðarfirði, kt. 600100-2380. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. júní 2020.

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir fiskeldisstöð *Glæðis ehf.*, Teygingarlæk, Skaftárhreppi, kt. 530882-0129. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 31. desember 2010.

Öll starfsleyfin eru gefin út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustu-hætti og mengunarvarnir.

Umhverfisstofnun, 3. september 2003.

Davíð Egilson forstjóri.

*Sigurbjörg Gísladóttir,
forstöðumaður stjórn-
sýslusviðs.*

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jóhönnu Erasmusdóttur og Svanhvítar Erasmusdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Jóhönnu Erasmusdóttur og Svanhvítar Erasmusdóttur, sbr. ósk Jóhönnu þar um í erfðaskrá, dags. 18. febrúar 1997 sem skráð var hjá lögbókand-anum í Reykjavík, sama dag.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja endurhæfingu mænuskaddaðra svo sem nánar er kveðið á um í 5. gr. erfðaskrár Jóhönnu Erasmusdóttur, dags. 18. febrúar 1997 en þar segir:

„Tekjum sjóðsins skal varið til endurhæfingar mænuskaddaðra og er þar jafnt átt við þá sem þjást af meðfæddum mænusjúkdómum og þá sem þjást af áunnum mænusjúkdómum vegna slysa eða sjúkdóma. Tekjum sjóðsins skal aðeins varið til beinnar endurhæfingar mænuskaddaðra, s.s. til tækjakaupa eða til að skapa á annan hátt aðstöðu til endurhæfingar. Þetta þýðir að tekjum skal ekki verja til félagsstarfa, keppnisíþrótta, skrifstofuhalda o.fl. sem ekki snýr beint að endurhæfingunni sjálfri“.

3. gr.

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

4. gr.

Upphaflegt stofnfé sjóðsins er krónur 9.000.000 skrifað -níumilljónir 00/100- og 100% eignarhluti íbúðar í húsinu nr. 12 við Asparfell í Reykjavík sem nánar tiltekið er 64,6 fm 2ja herb. íbúð á 7. hæð m.m., merkt F ásamt geymslu í kjallara merkt F-7 (0015) birt stærð 70,8 fm, auðkennisnúmer í þinglýsingabókum er M-0706 (heildarverðmæti íbúðarinnar skv. fast-eignamati er krónur 4.041.000). Stofnféð er allt fengið úr dánarbúi Jóhönnu Erasmusdóttur skv. ákvörðun hennar þar um í erfðaskrá.

5. gr.

Sjóðurinn hefur sérstakan fjárhag og er í vörslu Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra, sem sér um bókhald hans og fjárreiður. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af lög-giltum endurskoðanda. Reikningsár skal vera almanaksár.

6. gr.

Stjórn Minningarsjóðs Jóhönnu Erasmusdóttur og Svanhvítar Erasmusdóttur skal skipuð sömu aðilum og sitja í stjórn Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra hverju sinni.

7. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a) Arður, þar með taldir vextir af eignum sjóðsins.
- b) Gjafir, áheiti og önnur framlög sjóðnum til styrktar.
- c) Aðrar tekjur en að ofan eru nefndar.

8. gr.

Ávaxta skal Minningarsjóð Jóhönnu Erasmusdóttur og Svanhvítar Erasmusdóttur sem tryggilegast og arðvænlegast.

9. gr.

Stjórn Minningarsjóðs Jóhönnu Erasmusdóttur og Svanhvítar Erasmusdóttur annast styrkveitingar úr sjóðnum

10. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari og ákvörðun um að hætta rekstri skulu samþykktar af öllum stjórnarmönnum.

Verði sjóðurinn lagður niður skal verja eignum hans til endurhæfingar mænuskaddaðra.

11. gr.

Skipulagsskrá þessi öðlast gildi þegar stjórn Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra hefur samþykkt hana.

12. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 2. september 2003.

F. h. r.

Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag Skálmholtstúns í Villingaholtshreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Samkvæmt byggingar- og skipulagslögum nr. 73/1997 hafa sveitarstjórnir Villingaholtshrepps, þann 18. ágúst 2003, og Skeiða- og Gnúpverjahrepps, þann 26. ágúst 2003, samþykkt deiliskipulag Skálmholtstúns. Deiliskipulagið nær til um 70 ha lands úr jörðinni Skálmholti í Villingaholtshreppi og um 4 ha lands úr landi Kílhrauns í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Tillagan gerir ráð fyrir einu heilsárshúsi og að stundaður verði landbúnaður á jörðinni. Jafnframt gerir tillagan ráð fyrir fjórum frístundahúsum á landareigninni.

Deiliskipulagsuppdráttur og greinargerð lágu frammi til auglýsingar frá 26. júní til 24. júlí 2003 og frestur til þess að skila inn athugasemdum rann út 7. ágúst sl. og hafa því hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Skeiða- og Gnúpverjahreppi, 4. september 2003. Villingaholtshreppi, 4. september 2003.

Ingunn Guðmundsdóttir,
sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Bjarki Reynisson,
oddviti Villingaholtshrepps.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993 - 2013, Dynskógar og land Hraunbæjar.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. september 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993-2013 frá 19. maí 1994.

Breytingin felst í breytingu á landnotkun úr landbúnaðarsvæði (ylrækt) í íbúðarsvæði í landi Hraunbæjar og breytingu á stofnanasvæði í íbúðarsvæði við Dynskóga.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfísráðuneytinu, 8. september 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995 – 2015, bílastæði við Flugvallarveg.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. september 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015 frá 28. mars 1996.

Breytingin felst í því að íbúðarsvæði við Flugvallarveg breytist í svæði fyrir þjónustustofnanir.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Reykjanesbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 8. september 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998 – 2018, lóð nr. 1 við Móasíðu.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 3. september 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018 frá 4. september 1998.

Breytingin felst í því að landnotkun lóðarinnar Móasíðu 1 breytist úr verslunar- og þjónustusvæði í íbúðarsvæði. Tekið er fram að auk íbúða megi vera á lóðinni starfsemi sem þjónar íbúum hverfisins, sbr. skilgreiningu íbúðarsvæða í skipulagsreglugerð.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrarbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 3. september 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998 – 2018, landfylling við Glerárós.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 3. september 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018 frá 4. september 1998.

Breytingin felst í því að landfylling milli Gleráróss og flotkvíar verður aukin um u.þ.b. 9000 m² frá gildandi aðalskipulagi. Áformað er að fyllingin verði nýtt sem útilagersvæði

fyrir Hafnarsamlag Norðurlands og þar verði ekki reistar varanlegar byggingar aðrar en þær sem nauðsynlegar eru til þess að skapa þeirri starfsemi lágmarksaðstöðu. Landfyllingin er skilgreind sem hafnarsvæði.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrarbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 3. september 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998 – 2018,
Krossaneshagi, B-áfangi iðnaðarsvæðis, Akureyri.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 3. september 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018 frá 4. september 1998.

Breytingin felst í eftirfarandi:

Safngatan Sjafnarnes milli Krossanesbrautar og Óðinsness sveigist aðeins til norðurs, en gatnamót breytast ekki.

Í stað 5 aðskilinna iðnaðarsvæða vestan Krossaness verður eitt samfelld iðnaðarsvæði á reitnum milli Krossanesbrautar, Sjafnarness og Óðinsness. Austurmörk iðnaðarsvæðisins færast nær Krossanesbraut.

Afmörkun óbyggðra svæða og almennra útivistarsvæða breytist í samræmi við breytta afmörkun iðnaðarsvæðis.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrarbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 3. september 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Grundarfjarðar 1984 – 2004, Ölkeldudalur.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 3. september 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grundarfjarðar 1984-2004 frá 22. febrúar 1985.

Breytingin felst í eftirfarandi:

Gert er ráð fyrir nýrri vegtengingu milli Borgarbrautar, Hrannarstígs og Fellasneiðar. Reitur S1 breytist úr svæði fyrir dvalarheimili og heilsugæslu í svæði fyrir dvalarheimili og þjónustubúðir. Afmörkun reitsins breytist lítillega en er áfram svæði fyrir þjónustustofnanir.

Reitur S4 breytist frá því að vera svæði fyrir þjónustustofnanir (merkt félagsheimili) í iðnaðarsvæði (merkt aðveitustöð).

Afmörkun reits S9 svæði fyrir þjónustustofnanir (merkt skóli) breytist.

Svæði fyrir íbúðarbyggð sunnan við nýja veginn stækkar til austurs yfir svæði sem var skilgreint sem útivistarsvæði. Jafnframt verður svæðið umhverfis íbúðarbyggðina skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota (útivistarsvæði).

Svæði umhverfis ölkeldu er skilgreint sem hverfisverndarsvæði (30 m radíus umhverfis ölkelduna). Ákvæði hverfisverndar eru þau að hvorki er heimilt að raska jarðvegi né setja upp mannvirki innan svæðisins nema í þeim tilgangi að vernda ölkelduna. Einnig skal gæta varúðar í meðferð efna sem geta mengað ölkelduna.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Grundarfjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 3. september 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012, Hörðuvellir.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 3. september 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012 frá 29. apríl 1994.

Aðalskipulagsbreytingin felst í breytingum á aðalgaðnakkerfi og stígakerfi á Hörðuvöllum auk breytinga á stærð og afmörkun íbúðarsvæða, verslunar- og þjónustusvæða, opinna svæða til sérstakra nota og stofnanasvæða. Á svæðinu er gert ráð fyrir blandaðri íbúðarbyggð fyrir um 2800 íbúa og er þéttleiki fyrirhugaðrar byggðar áætlaður 17 íbúðir á hektara.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Kópavogsbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 3. september 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Samkvæmt 25. gr. laga nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 27. maí 2003 samþykkt deiliskipulag þriggja frístundalóða í Setbergi í landi Grafar í Laugardal.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Bláskógabyggð, 2. september 2003.

Sveinn A. Sæland, oddviti Bláskógabyggðar.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Patreksfjarðar 1980 - 2000, lóð íþróttahúss, Vesturbyggð.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. september 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Patreksfjarðar 1980-2000 frá 12. október 1981.

Breytingin felst í því að íbúðarlóð nr. 55 við Aðalstræti verður lóð fyrir opinberar stofnanir.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Vesturbyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 8. september 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Akureyri.

Deiliskipulag fiskihafnar.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 3. júlí 2003 samþykkt deiliskipulag fyrir svæðið austan Hjalteyrargötu frá lóð ÚA að Glerá. Gerð er grein fyrir hafnarmannvirkjum, landfyllingu við Glerá, lóðarmörkum, nýtingu lóða og svæða, núverandi og fyrirhuguðum byggingum og umferðartengingum.

B-áfangi iðnaðarhverfis í Krossaneshaga.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 3. júlí 2003 samþykkt deiliskipulag 25 ha svæðis upp af Krossanesi; frá A-áfanga iðnaðarhverfis, sem nú er í byggingu, norður að safngötunni

Óðinsnesi. M.a. er fjallað um fyrirhugaða fullnýtingu grjótnáms í Ystaási. Gerð er grein fyrir opnum svæðum, fyrirhuguðum götum, lóðum og byggingarreitum. Ákvæði er sett um verndun fornminja á svæðinu. Samþykkt skipulagsins er með fyrirvara um framkvæmdir sem kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum en úrskurður liggur ekki fyrir um.

Ofangreind deiliskipulög hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þau þegar gildi.

Akureyri, 11. september 2003.

F.h. bæjarstjórans á Akureyri,

Inga Pöll Þórgnýsdóttir bæjarlögmaður.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um skotvopn, skotfæri o.fl., nr. 787/1998.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. reglugerðarinnar:

- a) Flokkur B: í 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Leyfi fyrir rifflum til og með hlaupvídd 8 mm og hálfsjálfvirkjum haglabyssum skal ekki veitt nema sérstakar ástæður mæli með því, enda hafi umsækjandi haft skotvopnaleyfi í a.m.k. eitt ár. Þó má í undantekningartilvikum með samþykki ríkislögreglustjóra veita einstaklingi leyfi fyrir riffli með meira en 8 mm hlaupvídd enda sýni viðkomandi fram á sérstaka þörf fyrir að eiga slík vopn. Slík leyfi skal aðeins veita að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og áskilið er að umsækjandi hafi haft aukin skotvopnaréttindi (B flokkur) í eitt ár og sanni hæfni sína til að meðhöndla slík vopn sé þess áskilið af ríkislögreglustjóra.

- b) Flokkur C: í 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Leyfi fyrir skotvopnum sem sérstaklega eru ætluð til minkaveiða eða meindýraeyðingar (t.d. skammbyssur fyrir haglaskot) má aðeins veita að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar. Áskilið er að umsækjandi hafi haft aukin skotvopnaréttindi (B flokkur) í eitt ár. Slík leyfi vegna þeirra sem stunda minkaveiðar skal að jafnaði ekki veita til að eignast skotvopn heldur einungis til láns eða leigu. Lögreglustjóri skal senda slíkar umsóknir með umsögn sinni til ríkislögreglustjóra til ákvörðunar.

2. gr.

Orðin „og tekið þátt í landsmótum og/eða opnum mótum“ falla brott úr 1. málsl. 2. tl. 1. mgr. 11. gr.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. reglugerðarinnar:

- a) Í stað orðsins „16“ í 1. málsl. 1. mgr. 12. gr. kemur: 15.

- b) Við 2. mgr. bætist nýr töluliður nr. 4 svohljóðandi: Riffill með hlaupvídd 5,6 mm (cal. 22LR).

4. gr.

Í stað orðsins „500“ í 1. málsl. 4. mgr. 33. gr. kemur: 5000.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í vopnalögum nr. 16 25. mars 1998 og með hliðsjón af XXIX. kafla II. viðauka EES-samningsins (tilskipun 93/15/EBE), öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 10. september 2003.

Björn Bjarnason.

Stefán Eiríksson.

8. september 2003

Nr. 689

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hríseyjar 1988 – 2008, landnotkun við Austurveg.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. september 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hríseyjar 1988-2008 frá 16. nóvember 1989.

Breytingin felst í því að 2600 m² svæði sem skilgreint er sem svæði til sérstakra nota verður svæði fyrir frístundahús.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Hríseyjarhrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 8. september 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

8. september 2003

Nr. 690

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hríseyjar 1988 – 2008, golfvöllur.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. september 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hríseyjar 1988-2008 frá 16. nóvember 1989.

Breytingin felst í því að íbúðarsvæði til afnota eftir skipulagstímabil, opin svæði, óbyggð og opið svæði til sérstakra nota, íþróttasvæði og skógrækt verður svæði til sérstakra nota, golfvöllur. Stærð svæðis er 28,5 ha.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Hríseyjarhrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 8. september 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 107 – 2003

Nr. 691

2116

16. september 2003

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 774, 8. nóvember 2002,
um bann við síldveiðum við Suðausturland.

1. gr.

Við 1. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo: Þrátt fyrir 1. mgr. er heimilt frá og með 16. september 2003, að stunda síldveiðar á svæði er markast af línu sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. $64^{\circ} 33'N - 12^{\circ} 28'V$
2. $64^{\circ} 18'N - 12^{\circ} 28'V$
3. $64^{\circ} 11'N - 13^{\circ} 28'V$
4. $64^{\circ} 24'N - 14^{\circ} 32'V$
5. $64^{\circ} 33'N - 14^{\circ} 25'V$

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 16. september 2003.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Guðríður M. Kristjánsdóttir.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsfótal
688	10. sept.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um skotvopn, skotfæri o.fl., nr. 787/1998	2114-2115
689	8. sept.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Hríseyjar 1988 – 2008, landnotkun við Austurveg	2115
690	8. sept.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Hríseyjar 1988 – 2008, golfvöllur	2115
691	16. sept.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 774, 8. nóvember 2002, um bann við síldveiðum við Suðausturland	2116

